

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 28. maí 2026.

Mál nr. 515/2025:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Grétar Dór Sigurðsson lögmaður)

(Sigmundur Guðmundsson réttargæslumaður brotþola)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Stórfelldar ærumeiðingar. Brot gegn blygðunarsemi. Hótun. Miskabætur. Skilorð.

Útdráttur

Með dómi héraðsdóms var X sakfelldur fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 199. gr. a og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa birt færslu á Facebook-síðu sinni með hótun um að birta myndefni af A, barnsmóður sinni og fyrrum sambyliskonu, á nánar tilgreindri vefsíðu og með því að hafa þann sama dag birt fimm kynferðislegar myndir af henni sem hafi sýnt nekt hennar, ásamt texta, á samskiptaforritinu Facebook. Í dómi Landsréttar kom fram að ekki léki vafi á að allar myndirnar væru þess eðlis að falla undir 1. mgr. 199. gr. a. almennra hegningarlaga. Þá var einnig staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að í birtingu fyrstu myndarinnar, ásamt texta, hafi falist hótun um að birta nektarmynd af brotþola á nánar tilgreindri vefsíðu og um heimfærslu brotsins til 2. mgr., sbr. 1. mgr. 199. gr. a almennra hegningarlaga. Með vísan til þessa en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur um sakfellingu ákærða og heimfærslu brotanna. Var refsing X ákveðin fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var honum gert að greiða brotþola 800.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramir Eyvindur G. Gunnarsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 18. júní 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 14. nóvember 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 19. maí 2025 í málinu nr. S-[...]/2024.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu en til vara refsimildunar. Þá krefst hann frávísunar bótakröfu en til vara að tildæmdar bætur verði lækkaðar frá því sem segir í hinum áfrýjaða dómi.
- 4 Brotapoli krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af framburði ákærða og brotþola fyrir héraðsdómi.

Niðurstaða

- 6 Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Þar er jafnframt gerð grein fyrir framburði ákærða, brotþola og vitna við aðalmeðferð málsins í héraði.
- 7 Í ákæru eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot og stórfelldar ærumeiðingar gegn brotþola, sem er barnsmóðir hans og fyrrum sambýliskona, með því að hafa 4. júní 2022 birt færslu á Facebook-síðu sinni með hótun um að birta myndefni af henni á nánar tilgreindri vefsíðu og með því að hafa þann sama dag birt fimm kynferðislegar myndir af henni sem sýnt hafi nekt hennar, ásamt texta, á samskiptaforritinu Facebook. Með birtingu myndanna og meðfylgjandi texta hafi ákærði móðgað brotþola og smánað og sært blygðunarsemi hennar. Eru brotin í ákæru talin varða við 1. og 2. mgr. 199. gr. a og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 8 Ákærði byggir vörn sína meðal annars á því að ósannað sé að hann hafi staðið að birtingu eða dreifingu þeirra mynda af brotþola sem ákært er fyrir. Enn fremur verði myndbirtingarnar ekki tengdar við Facebook-reikning hans. Auðvelt sé að láta sem myndir stafi frá honum og ekki sé útilokað að einhver annar en hann hafi haft aðgang að reikningnum.
- 9 Af hálfu ákæruvaldsins er lögð áhersla á að sakfelling í hinum áfrýjaða dómi sé byggð á trúverðugum framburði brotþola. Hún hafi borið um níu ára samband við ákærða og að hafa 4. júní 2022 fengið send skjáskot af þeim færslum og myndum sem ákært sé fyrir. Fjöldi vitna styðji framburð brotþola um birtingu myndanna og færslanna, auk þess að vitna um samband þeirra.
- 10 Að mati dómsins breytir engu um hvort sú háttsemi, sem ákærða er gefin að sök, telst sönnuð hvort það myndefni og texti, sem ákært er fyrir, birtist fyrst 4. júní 2022 eða nokkrum dögum áður, en ákærði hefur vísað til þess að brotþoli og vinkona hennar hafi greint lögreglu frá því 27. maí 2022 að myndir hafi birst nokkru áður. Í framburði vitna í héraði kom fram að þau hefðu sent brotþola skjáskot af færslunum um leið og þau urðu þeirra vör, auk þess sem brotþoli kvaðst hafa merkt skjáskotin, sem hún sendi lögreglu 4. júní 2022, sama dag og hún fékk þau send. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um að sannað teljist að ákærði hafi birt myndir, ásamt texta, eins og honum er gefið að sök í ákæru.
- 11 Ákærði hafnar því að 233. gr. b almennra hegningarlaga geti átt við í málinu, en þau brotþoli hafi aldrei verið í sambúð eða átt lögheimili saman. Í lögskýringargögnum

með ákvæðinu, sem var nýmæli við setningu laga nr. 27/2006, greinir að ákvæðið sé, hvað varði afmörkun á hópi brotaþola, „nokkuð rýmra“ en gildissvið þágildandi 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga. Að öðru leyti er um skýringar vísað til gildissviðs 3. mgr. 70. gr. laganna, sem einnig var nýmæli, auk athugasemda við það ákvæði. Í athugasemdum við síðastnefnt ákvæði segir að ekki sé talin ástæða til að skilgreina með tæmandi hætti í lagatextanum eða lögskýringargögnum hvernig tengsl geranda og brotaþola þurfi að vera úr garði gerð. Hugtakið „nákominn“ áskilji að „náin félagsleg tengsl séu á milli aðila“. Hins vegar þurfi gerandi og brotaþoli ekki „að búa saman á verknaðarstundu eða hafa verið í daglegum samskiptum þegar verknaður á sér stað“. Ákvæðið taki því til samskipta fyrirverandi maka, það er hjóna sem eru skilin og sambúðarfólks, svo lengi sem tengsl þeirra verða talin þess eðlis samkvæmt almennum mælikvarða að þau séu nákomin. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi bar brotaþoli að þau ákærði hefðu verið í stormasömu sambandi í um níu ár, án þess að vera í skráðri sambúð, en þau hafi búið saman. Hafi þau hætt og byrjað saman á ný oftár en einu sinni á þeim tíma en sambandi þeirra lokið að frumkvæði brotaþola árið 2021. Einnig lýstu vitni því í héraði að ákærði og brotaþoli hefðu verið í sambúð. Eðli sambands þeirra var því þannig að það fellur undir 233. gr. b almennra hegningarlaga, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 17. nóvember 2023 í máli nr. 521/2022.

- 12 Ákærði vísar til þess, verði héraðsdómur staðfestur um sakfellingu, að myndir, sem ákært er fyrir birtingu á, séu ekki af kynferðislegum toga en viðkvæmir líkamshlutar hafi verið afmáðir og ekki sjáist í andlit. Brotaþoli og vitni lýstu því í skýrslutökum í héraði að myndirnar sem lýst er í ákæru væru af brotaþola. Þó að ekki sjáist í andlit brotaþola á þeim myndum, sem ákært er fyrir og birtar voru á Facebook-síðu ákærða með þeim texta, sem í ákæru greinir, verður að telja með hliðsjón af tengslum þeirra ákærða að ekki hafi getað dulist að þær voru af brotaþola. Þó að viðkvæmir líkamshlutar brotaþola hafi verið afmáðir af myndunum má sjá að brotaþoli var nakin þegar þær voru teknar. Að þessu virtu leikur ekki vafi á að allar fimm myndirnar, sem ákært er fyrir birtingu á, eru þess eðlis að falla undir 1. mgr. 199. gr. a almennra hegningarlaga. Einnig verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að í birtingu fyrstu myndarinnar, sem greinir í ákæru, ásamt texta, hafi falist hótun um að birta nektarmyndir af brotaþola á nánar tilgreindri vefsíðu og um heimfærslu brotsins til 2. mgr., sbr. 1. mgr., 199. gr. a almennra hegningarlaga.
- 13 Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um sakfellingu ákærða og heimfærslu brotanna til þeirra ákvæða sem í ákæru greinir.
- 14 Svo sem að framan er rakið er ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot og stórfelldar ærumeiðingar gagnvart brotaþola, sem er barnsmóðir hans og fyrrum sambýliskona. Við ákvörðun refsingar er litið til 1., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og 77. gr.

almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu ákærða.

- 15 Að virtum þeim brotum sem ákærði er sakfelldur fyrir og atvikum öllum, en jafnframt með vísan til forsendna héraðsdóms, verður staðfest niðurstaða hans um miskabætur til handa brotþola samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með vöxtum eins og þar greinir.
- 16 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 17 Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir, þar með talinn ferðakostnað hans.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, samtals 1.791.163 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Dórs Sigurðssonar lögmanns, 1.060.200 krónur, og þóknun og útlagðan kostnað réttargæslumanns brotþola, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, 650.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 19. maí 2025

I

Mál þetta sem tekið var til dóms 25. mars sl., höfðaði héraðssaksóknari 12. desember 2024 á hendur X, fæddum [...], til heimilis að [...],

„fyrir kynferðisbrot og stórfelldar ærumeiðingar gegn barnsmóður og fyrrum sambýliskonu sinni, A, kennitala [...], með því að hafa 4. júní 2022 birt færslu á facebook-síðu sinni þar sem hann hótaði að birta myndefni af henni á vefsíðunni slutchan.com og með því að hafa þann sama dag birt fimm kynferðislegar myndir af A sem sýndu nekt hennar, ásamt texta, á samskiptaforritinu facebook en með birtingu myndanna og meðfylgjandi texta móðgaði hann hana og smánaði og særði blygðunarsemi hennar. Efni myndanna er sem hér greinir:

Mynd 1: A sést frá mitti niður á mið læri. Hún er nakin en krotað hefur verið yfir kynfæri hennar. Á myndinni stendur: „hel eg þurfi að raka músina“ og „Ekki bannað á slutchan“.

Mynd 2: A sést frá öxlum og rétt niður fyrir mjaðmir. Hún er nakin en krotað hefur verið yfir kynfæri og brjóst. Á myndinni stendur: „Hún notar börnin“ og „Þá má allt“.

Mynd 3: Skjáskot af skilaboðum á samskiptaforritinu Snapchat frá „A Prinsessu“. A sést frá nafla og niður á tær. Hún er nakin en krotað hefur verið yfir kynfæri hennar. Skjáskotið er birt með færslu þar sem segir: „Smá sönnun fyrir því sem ég var að tala um.. ps.ekki trúna nennu sem hún segir.. allt spil fyrir athygli“.

Mynd 4: A sést frá handarkrikum og niður á mið læri. Hún er nakin. Yfir brjóst hennar hefur verið skrifað: „of gróft?“ og yfir kynfærin hefur verið skrifað: „Nei hún blandaði börnunum í“.

Mynd 5: A sést frá hálsi niður að ökkulum. Hún er nakin en krotað hefur verið yfir kynfæri og brjóst. Á myndinni stendur: „Farðu að borga skuldinar tik“.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 199. gr. a og 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. maí 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá því einum mánuði eftir að ákærða er birt bótakrafa þessi til greiðsludags.“

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins, einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi og að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög frekast heimila og í því tilviki verði einkaréttarkrafa lækkuð verulega.

II

Atvik máls

Ákærði og brotþoli voru í sambandi í um níu ár og eiga þau saman tvö börn, [...], en brotþoli átti fyrir eina dóttur. Þau voru aldrei með sama lögheimili og ekki skráð í sambúð.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom brotþoli ásamt vinkonu sinni, B, á lögreglustöðina [...] 22. maí 2022 og tilkynnti að ákærði hafi, daginn áður, birt af henni nektarmyndir á Facebook. Fram kemur að brotþoli hafi ekki séð myndirnar en það hafi vinkonan gert og haft eftir henni að myndirnar hafi ekki verið sýnilegar öllum vinum ákærða á samskiptamiðlinum. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli hafi greint frá því að hún og ákærði hafi endanlega slitið samvistum 2021 en þau hafi verið sundur og saman allt frá árinu 2013. Haft er eftir brotþola að ákærði hafi beitt hana andlegu ofbeldi og að fyrir hafi komið að ofbeldi hafi verið líkamlegt og kynferðislegt en hún hafi ekki tilkynnt þetta til lögreglu af ótta við ákærða.

Lögregla tók eftir þetta skýrslur af ákærða, tvær í júní 2022 og eina í ágúst á síðasta ári. Skýrsla var tekin af brotþola í maí 2022 og síðan önnur í október sama ár. Þá tók lögregla skýrslur af vitnum, í maí 2022 af nefndri vinkonu brotþola og síðan í júní 2024 af fimm öðrum vitnum, fjórum vinkonum brotþola og eiginmanni einnar þeirra. Lögregla rannsakaði síma ákærða og lá skýrsla lögreglu um þá rannsókn fyrir í júlí 2024.

III

Framburður fyrir dómi

Ákærði bar að hann og brotþoli hafi í raun ekki verið í sambúð, aldrei átt lögheimili á sama stað og ekki verið skráð í sambúð. Hann hafi verið inn og út af heimilinu vegna barnanna en ekki vegna sambúðar hans og brotþola, því hafi þau ekki slitið sambúð en vinskap þeirra sé nú lokið. Samband hans og brotþola hafi snúist um börnin en í dag hafi hann lítið samband við þau. Ákærði sagðist ekki muna hvenær vinskapanum lauk og samband hans við börnin minnkaði. Hann kvað brotþola hafa átt frumkvæði að því að þau fóru erlendis í frí í febrúar 2022. Hvort eitthvað sérstakt kom uppá eftir þetta mundi hann ekki en vera kunni að brotþoli hafi tekið því illa að hann fór að vera með annarri stúlku. Ákærði bar að hann hafi ekki átt nein samskipti við brotþola í maí og júní 2022 og heldur ekki mánuðina á eftir og þau séu engin í dag.

Ákærði mundi ekki hvort hann birti 4. júní 2022 á Facebook skjáskot sem lýst er í ákæru og mynd nr. 1. Spurður um skýringar á því hvers vegna þessi sama mynd, án þess að krotað hafi verið yfir kynfæri og án texta, fannst í síma hans. Kvaðst ákærði ekki kannast við neitt krot en bar að brotþoli hafi sent honum þessa mynd. Ákærði kvaðst ekki hafa skýringu á því hvernig eða hvenær ákveðnar myndir og skilaboð voru vistuð í síma hans en fyrir því gætu verið margar skýringar. Í skýrslugjöf hjá lögreglu var ákærði spurður hvort hann hafi sett þessa mynd á netið og hann svaraði því játandi og jafnframt spurður um hvað hann átti við með færslunni. Hann segist hafa misskilið spurninguna hjá lögreglu sem skýri neitun hans í dag. Hann kvaðst ekki geta sagt neitt um þá vefslóð, slutchan, sem rituð er á myndina.

Aðspurður um myndir sem tilgreindar eru nr. 2-5 í ákæru kvaðst ákærði ekki muna til þess að hafa birt þær á Facebook. Allar myndir sem varða málið hafi verið sendar honum og hann því ekki tekið

neina þeirra. Þá kvaðst hann ekki hafa skýringar á því hvers vegna niðurstöður á rannsóknnum á síma hans voru með þeim hætti sem í ljós kom. Hann hafði ekki annað um þessar myndir að segja en að brotaþoli hafi sent honum þær og þá ekki með neinu kroti, þó þannig að hann hafi fengið eina þeirra senda með kroti. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að hafa átt við neinar myndir sem honum voru sendar og þá kvaðst hann ekki geta tjáð sig um framburð vitna hjá lögreglu varðandi myndirnar. Að sama skapi kannaðist ákærði ekki við nein af þeim skilaboðum og færslum sem samkvæmt gögnum málsins voru sett fram á síðu hans á Facebook. Hann bar að fleiri en hann hafi haft aðgang að Facebook síðu hans þó hann vildi ekki nefna nein nöfn í því sambandi. Hann vildi ekki tjá sig um það hvort brotaþoli hafi, á þeim tíma sem skilaboðin eru sett fram, blandað börnum þeirra í þann ágreining sem uppi var. Að sögn ákærða var brotaþoli með hluta af eignum hans á þeim tíma sem málið tekur til en hann hafi fengið þær fyrir jólin 2024.

Brotaþoli bar að hún og ákærði hafi verið í stormasömu sambandi, án þess að vera í skráðri sambúð, í um níu ár en á þeim tíma hætt og byrjað saman á ný oft en einu sinni. Þau hafi búið saman á þessum tíma en sambandi þeirra hafi að hennar frumkvæði lokið 2021. Að sögn vitnisins beitti ákærði hana andlegu ofbeldi á sambúðartímanum en ekki líkamlegu. Vitnið kvað þau ekki hafa átt sameiginlegar eignir. Vitnið kvað ákærða hafa verið góðan við börnin þegar hann var heima en í dag hafi hann ekki umgengni við þau, en hún hafi ekki viljað að hann umgengist þau eftir að hann byrjaði að meiða æru hennar. Í febrúar 2022 hafi þau farið í frí saman með börnin en á þeim tíma hafi þau verið vinir og ætlunin að gefa börnunum þessa ferð í afmælisgjöf. Eftir að heim var komið hafi hún í símtali við ákærða sagt „láttu renna af þér“ og eftir það hafi hann byrjað að rukka hana vegna varahluta sem keyptir voru í bíl í hennar eigu og síðan byrjað að setja færslur á Facebook. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún hafði samband við ákærða vegna birtinganna en taldi þó að hún hafi gert það.

Vitnið bar að skjáskotin sem ákæran tekur til hafi hún fengið frá vinkonum sínum, fleiri en einni og síðan afhent þau lögreglu. Vinkonurnar hafi tekið skjáskot og vistað í sínum sínum. Vitnið kvaðst hafa ritað 4. júní á skjáskotin en þann dag hafi þau borist henni. Varðandi myndirnar merktar nr. 1-5 í ákæru staðfesti vitnið að þær væru af henni en hún kvaðst hafa sent ákærða þær en ekki samþykkt birtingu þeirra. Að sögn vitnisins leið henni ömurlega eftir að myndirnar birtust. Brotaþoli kvaðst hafa tekið færsluna sem lýst er í ákæru sem hótun og henni hafi liðið illa eftir að hafa lesið hana. Vitnið kvaðst vera hrætt við ákærða.

Vitnið B, vinkona brotaþola til 14 ára, bar að hún þekkti ákærða í gegnum brotaþola. Vitnið lýsti því að samband ákærða og brotaþola hafi virst vera í góðu lagi en síðar hafi aðrir hlutir komið í ljós. Vitnið bar að ákærði og brotaþoli hafi búið saman og hún komið á heimili þeirra. Að sögn vitnisins var ósætti milli ákærða og brotaþola þegar þau hættu saman. Hún kvaðst hafa verið vinur ákærða á Facebook og þar hafi hún séð ljótar færslur um brotaþola en þær hafi verið settar fram í lokuðum hópi og því hafi ekki allir getað séð þetta. Vitnið kvaðst hafa kannað hvort færslurnar voru opnar en séð að svo var ekki en hún hafi ekki séð hverjir voru í hópnum sem gátu séð þær. Vitnið kvaðst hafa séð nektarmynd af brotaþola, mynd nr. 1 í ákæru, þar sem búið var að krota yfir brjóst og kynfærin svo og aðra sem tekin var á sólarströnd. Vitnið kvaðst hafa tekið skjáskot af þessum myndum sem hún hafi síðan ásamt öðrum skjáskotum afhent lögreglu. Vitnið staðfesti að skjáskotin hafi hún tekið af Facebook-síðu ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð fleiri færslur og myndir eftir að hún fór fyrst, ásamt brotaþola, til lögreglu og hún hafi þar fengið þær upplýsingar að hún þyrfti ekki að taka fleiri skjáskot. Vitnið staðfesti að hún hafi séð færsluna sem rakin er í ákæru og það hafi verið ákærði sem birti hana. Út úr færslunni hafi hún lesið að ákærði ætlaði að birta myndir á síðunni sem þar er tilgreind. Sama eigi við um mynd nr. 4 í ákæru en hana hafi hún séð á Facebook-síðu ákærða. Vitnið bar að brotaþola hafi verið brugðið við að sjá þetta og liðið illa á þessum tíma.

Vitnið D kvaðst þekkja brotaþola í gegnum eiginkonu sína og ákærða þekki hann en þeir hafi verið góðir kunningjar í gegnum tíðina. Vitnið kvað ákærða og brotaþola hafa búið lengi saman. Að sögn vitnisins var hann vinur ákærða á Facebook á þeim tíma sem málið tekur til og sagðist hann muna eftir einni mynd sem eiginkona hans sýndi honum. Vitnið kvað brotaþola hafa verið bera eða í brók á myndinni en annars mundi hann ekki vel eftir myndinni. Vitnið taldi að myndin hafi ekki birst honum á Facebook.

Þá kvaðst hann muna eftir póstum sem birtust á vegg ákærða á Facebook en hann hafi talið þá óviðeigandi og staðfesti að hafa séð færsluna sem vísað er til í ákæru.

Vitnið E kvað brotþola hafa verið sína bestu vinkonu frá því að þær voru litlar. Ákærða þekki hún sem barnsföður brotþola. Vitnið bar að ákærði og brotþoli hafi búið saman en hve lengi gat hún ekki sagt. Vitnið kvaðst hafa verið og sé enn í dag vinur ákærða á Facebook. Vitnið greindi frá því að hún hafi séð þrjár eða fjórar myndir af brotþola á Facebook, í story hjá ákærða, en á þeim öllum hafi verið búið að krota yfir kynfærin. Jafnframt mundi hún eftir færslum sem voru við myndirnar. Vitnið staðfesti að hafa, hjá lögreglu sýnt myndir sem hún hafði vistað í síma sínum. Henni voru sýndar myndir, tilgreindar sem mynd 2, mynd 3 og mynd 5 í ákæru, og kvaðst vitnið hafa séð þær á Facebook story ákærða en ein myndanna hafi birst á vegg hans á samskiptamiðlinum. Hún staðfesti einnig að hún hafi séð færslu sem lýst er í ákæru en af henni hafi hún tekið skjáskot og sent brotþola um leið og hún sá þau fyrst. Vitnið taldi ljóst að skilaboðin beindust að brotþola og myndirnar hafi komið í beinu framhaldi af birtingu skilaboðanna. Þá kvað hún brotþola hafa reiðst þegar henni varð ljóst að ákærði hafi birt myndirnar.

Vitnið F kvaðst hafa þekkt brotþola í nokkur ár og ákærða hafi hún kynnst í gegnum brotþola. Vitnið kvaðst vita til að ákærði og brotþoli hafi búið saman. Vitnið kvað samband ákærða og brotþola hafa gengið upp og niður og brotþoli hafi í tvígang gist hjá henni vegna vandræða í sambandinu. Vitnið kvaðst ekki vita til þess að ákærði hafi beytt brotþola líkamlegu ofbeldi. Vitnið greindi frá því að hún hafi séð skilaboð á Facebook og hún hafi tekið skjáskot af þeim og látið brotþola vita af því. Vitnið staðfesti að hún hafi séð þau skilaboð sem lýst er í ákæru. Myndir hafi hún séð hjá öðrum sem tóku skjáskot af þeim en sjálf hafi hún séð tvær myndir, nr. 3 í ákæru, og aðra til. Mynd nr. 3 hafi hún séð á Facebook og taldi að önnur mynd hafi verið með. Eina mynd kvaðst vitnið hafa séð á samskiptaforritinu Snapchat. Taldi vitnið að tilgangur ákærða hafi verið að særa brotþola sem hafi tekið þetta nærri sér. Vitnið taldi mjög ólíklegt að ákærði hefði látið verða af því að birta myndir af brotþola á vefsíðunni slutchan.com.

Vitnið G hefur verið vinkona brotþola í mörg ár og þekkir hún ákærða í gegnum brotþola og verið vinur þeirra beggja á Facebook. Vitnið kvaðst vita til þess að þau hafi búið saman. Vitnið greindi frá því að hún hafi séð myndir af brotþola á Facebook og hún hafi tekið skjáskot af þeim og strax sent þau til brotþola. Vitnið taldi hún hafi séð færslu sem lýst er í ákæru en var þó ekki viss um það enda hafi verið um margar færslur að ræða. Þá kvaðst hún hafa séð myndir nr. 1, 2, 4 og 5 í ákæru á Facebook-síðu ákærða. Vitnið kvaðst ekki vera í vafa um að myndirnar eru af brotþola og bar að birting þeirra hafi valdið brotþola mikilli vanlíðan.

Vitnið H kvaðst hafa verið vinkona brotþola í um tíu ár og ákærða hafi hún kynnst í gegnum brotþola og verið vinur þeirra beggja á Facebook. Að sögn vitnisins bjuggu ákærði og brotþoli saman. Vitnið kvaðst á þeim tíma sem málið tekur til hafa séð mikið af færslum hjá ákærða þar sem hann fór niðrandi orðum um brotþola og í framhaldinu hafi birst myndir. Vitnið kvaðst hafa tekið skjáskot til að sýna brotþola en myndirnar sé hún ekki lengur með í síma sínum en hún hafi eytt þeim eftir skýrslugjöf hjá lögreglu. Skjáskotin hafi hún sent brotþola strax eða fljótlega eftir að þau voru tekin. Vitnið mundi eftir að hafa séð færslur sem ákærði hótaði að birta myndir á slutchan.com en hvort hún sá þá færslu sem lýst er í ákæru var hún ekki viss um. Vitnið staðfesti að hafa séð myndir nr. 1, 4 og 5 í ákæru á Facebook story ákærða. Vitnið kvaðst viss um að brotþoli sé á myndunum og bar að brotþola hafi brugðið við að fá þessar upplýsingar.

Lögreglumaður I greindi frá því að hann hafi verið beðinn um að sinna ákveðnum þáttum í rannsókn málsins. Hann hafi tekið skýrslur af vitnum og lagt hald á síma ákærða. Síminn hafi verið afritaður og hann hafi borið saman myndir úr símanum við myndir sem birtust á Facebook. Vitnið staðfesti skýrslu sem hann ritaði vegna rannsóknar sinnar. Að sögn vitnisins gerist það stundum að myndir eru teknar og síðan kroppaðar og skoðaðar. Allt geti þetta gerst á sama tíma en stundum sé það þannig að mynd er tekin, kroppuð á öðrum tíma og síðan skoðuð á enn öðrum tíma. Þessar upplýsingar geti hann nálgast með forriti sem lögreglan notar við svona rannsóknir. Tvennt geti komið til þegar mynd er skoðuð oftast en einu sinni í síma þ.e. að síminn haldi utan um dagsetningarnar eða þá að hann geymir eingöngu síðustu dagsetninguna. Í þessu máli sé því háttáð þannig að einungis ein dagsetning er við hverja mynd. Vitnið bar að ekki hafi fengist staðfesting á því að myndirnar hafi verið birtar á Facebook en um það hafi

ekki verið gögn í símanum. Taldi hann að það hafi verið vegna þess hve langt var um liðið. Til að sannreyna að myndirnar hafi verið birtar væru tvær leiðir, í fyrsta lagi að haldleggja símtæki ákærða strax eða fá skjáskot frá öðrum líkt og hér var raunin. Líkur séu á því að hægt hefði verið að rekja íp-tölu símans og tengja við myndirnar og færslurnar en of langt var um liðið.

Lögreglu maður J staðfesti myndaskýrslur sem hann gerði og eru meðal gagna málsins. Þá bar hann að myndirnar sem hann fékk til skoðunar hafi verið með dagsetningum þegar þær bárust honum.

IV

Niðurstaða

Líkt og í ákæru greinir er ákærði sakaður um kynferðisbrot og stórfelldar ærumeiðingar gegn brotþola. Af hálfu ákæruvalds er á því byggt að sekt hans sé sönnuð með skýrslum lögreglu og framburði fyrir dómi. Ákærði neitar sök og heldur því fram að engin bein sönnunargögn liggi fyrir um sekt hans.

Háttsemi ákærða er m.a. talin varða við 233. gr. b. almennra hegningarlaga er varðar móðgun eða smánun sem beint er gegn maka, fyrrverandi maka, barni eða öðrum þeim sem nákominn er geranda. Ákærði hefur haldið því fram að hann og brotþoli hafi ekki verið í sambúð. Brotþoli og flest vitnin sem fyrir dóminn komu báru að ákærði og brotþoli hafi búið saman. Að því gættu og því að samband þeirra stóð í um níu ár, þó hlé hafi verið á því og einnig því að þau eiga saman tvö börn er að mati dómsins ekki óvarlegt að líta svo á að brotþoli sé fyrrverandi sambúðarmaki ákærða þannig að 233. gr. b. nefndra laga eigi við um samband þeirra. Skiptir hér ekki máli að þau voru aldrei skráð í sambúð eða með sameiginlegt lögheimili.

Fyrir liggur að lögregla rannsakaði síma ákærða en sú rannsókn fór einhverra hluta vegna ekki fram fyrir en rúmum tveimur árum eftir að brotþoli kom á lögreglustöð í þeim tilgangi að leggja fram kæru á hendur ákærða. Þetta varð til þess að erfitt reyndist fyrir lögreglu að fá staðfestingu á birtingu myndanna frá fyrirtækinu sem rekur samfélagsmiðilinn þar sem þær birtust. Hins vegar liggur fyrir að vitnin sem fyrir dóminn komu, önnur en lögreglumennirnir, báru öll að myndirnar og skilaboðin sem þau sáu og lýst er í ákæru hafi þau séð á Facebook-síðu ákærða. Ein myndanna birtist þó á aðgangi ákærða á samskiptaforritinu Snapchat. Ákærði gat ekki gefið skýringar á því hvers vegna myndirnar, sem hann fékk upphaflega sendar frá brotþola, birtust á síðu hans í þeim búningi sem þær voru. Taldi hann að einhver annar en hann hafi hugsanlega getað birt þær. Að mati dómsins er framburður vitna sem fyrir dóminn komu trúverðugur varðandi það hvar þau sáu myndirnar og skilaboðin en framburður ákærða um það að hann hafi ekki birt myndirnar og skilaboðin ótrúverðugur. Að teknu tilliti til þessa og ekki síður til skýrslu lögreglu um rannsókn á síma ákærða er fram komin lögfull sönnun um að ákærði hafi birt myndirnar og skilaboðin líkt og honum er í ákæru gefið að sök. Að sama skapi telur dómurinn, með framburði vitna í þá veru að þau hafi sent brotþola skjáskot um leið og þau sáu færslurnar, sannað að myndirnar og skilaboðin hafi ákærði birt á síðu sinni 4. júní 2022 eins og í ákæru greinir.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telst sannað að ákærði hafi birt færslu á Facebook-síðu sinni þar sem hann hótar að birta myndir af brotþola á vefsíðunni slutchan.com, sem mun vera síða þar sem birt er svokallað hefndarklám. Skilaboðin eru svohljóðandi: „Hvað er nú nafnið á síðunni sem maður notar til að hefna sín á þeim sem svíkja mann? Slutchan.com hugsa eg fái mér einn bjór og skoði þetta Ps. Þú stelur ekki frá mér og kemst upp með það án þess að finna fyrir því“ Að mati dómsins blasir við, í ljósi fjölda annarra skilaboða sem eru meðal gagna málsins og framburði vitna fyrir dómnum, að skilaboðunum er beint til brotþola. Skilaboðin verða ekki, m.a. í ljósi texta á mynd nr. 1 í ákæru, skilin á annan hátt en að í þeim felist hótun um að birta nektarmyndir af brotþola á nefndri vefsíðu. Háttsemi þessi varðar við 2. mgr. sbr. 1. mgr. 199 gr. a almennra hegningarlaga.

Í ljósi þess að brotþoli og nokkur af vitnunum sem fyrir dóminn komu báru að myndirnar sem lýst er í ákæru séu af brotþola er að mati dómsins ekki efni til að efast um það. Myndirnar eiga það sameiginlegt að krotað hefur verið yfir kynfæri og brjóst eða þessir líkamspartar afmáðir á annan hátt. Engu að síður er það mat dómsins að birting myndanna feli í sér brot gegn 1. mgr. 199. gr. a og 233. gr. b almennra hegningarlaga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er í ákæru gefin að sök. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar hans verður að horfa til þess að birting myndanna og hótun um að birta nektarmyndir á nefndri vefsíðu fól í sér ærumeiðingar, móðgun og smáun í garð brotaþola auk þess að særa blygðunarsemi hennar. Þá er það mat dómsins að við ákvörðun refsingar ákærða verði að horfa til þess að andlit, kynfæri og brjóst brotaþola sést ekki á myndunum. Að sama skapi verður að líta til þess að rúm tvö ár liðu frá því að brotaþoli kærði háttsemi ákærða til lögreglu þar til ákæra var gefin út en á þessum drætti ber ákærði enga ábyrgð. Að teknu tilliti til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en efni eru til að binda refsinguna skilorði og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við úrlausn kröfu brotaþola um miskabætur úr hendi ákærða ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot sem beindust að brotaþola og varða við 1. og 2. mgr. 199. gr. a. og 233. gr. b. almennra hegningarlaga. Hefur ákærði með þessari saknæmu og ólögmætu háttsemi bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotaþoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta er litið til grófleika háttsemi ákærða og þykir fjárhæð bótanna hæfilega ákveðin 800.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun vaxta er miðað við að brot ákærða hafi verið framið 4. júní 2022 en bótakrafa var birt honum 3. nóvember 2022.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, sem samanstendur af málsvarnarlaunum verjanda hans og þóknun réttargæslumanns brotaþola. Fjárhæð málsvarnarlauna og þóknunar þykir hæfilega ákveðin, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun fjárhæðanna hefur verið tekið tillit til umfangs málsins og tímaskýrslu réttargæslumanns og upplýsingum verjanda um áætlaðar vinnustundir vegna málsins. Til viðbótar þessum kostnaði er ferðakostnaður réttargæslumanns að fjárhæð 52.800 krónur. Ekki féll sakarostnaður á málið við rannsókn þess hjá lögreglu.

Valborg Steingrimsdóttir saksóknarfulltrúi sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dómsorð

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 800.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 3. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.041.600 krónur í sakarostnað þar með talin 994.400 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Ólafssonar lögmans og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Auðar Harnar Freysdóttur lögmans 994.400 krónur og 52.800 krónur í annan sakarkostnað.